

Fundargerð
332. fundar framkvæmdastjórnar Sjúkraliðafélags Íslands,
haldinn 2. nóvember 2016, kl 15.30 að Grensásvegi 16.

Fundinn sátu:

Kristín Á Guðmundsdóttir, formaður
Jóhanna Traustadóttir, ritari
Jóna Jóhanna Sveinsdóttir, gjaldkeri

Fjarverandi
Kristín Ólafsdóttir, varaformaður

Fundarritun annaðist:

Gunnar Örn Gunnarsson, framkvæmdastjóri SLFÍ

Dagskrá:

- 1. Fundur settur**
- 2. Fundargerð síðasta fundar**
- 1. Kjaramál**
 - a. Fundur í samstarfsnefndum
 - b. Lífeyrismál, Álit Gísla Tryggvasonar lögmanns
- 2. Afmælið**
 - a. Fundargerð/ir afmælisnefndar
- 3. Könnun á veikindum, örorku o.fl. meðal sjúkraliða**
- 4. Tæknimál á skrifstofu SLFÍ**
- 5. Dómsmál**

Önnur mál

Dagskrá:

- 1. Fundur settur**

Kristín Á Guðmundsdóttir (KÁG) formaður Sjúkraliðafélags Íslands (SLFÍ) setti fund og bauð stjórnarmenn velkomna og gerði grein fyrir að Kristín Ólafsdóttir (KÓ) kæmi ekki á fundinn, hún væri erlendis.

2. Fundargerð síðasta fundar

Jóhanna Traustadóttir (JT) ritari SLFÍ gerði grein fyrir að fundargerð síðasta fundar væri samþykkt og komin á netið.

1. Kjaramál

- KÁG gerði grein fyrir að unnið væri að því að klára þá stofnanasamninga sem ókláraðir eru, en það gengi mjög misjafnlega. Samstarfsnefndarfundur hafi verið með Samtökum fyrirtækja í velferðarþjónustu þ.s. ganga átti frá stofnanasamningi, sem samkomulag var orðið um, en þá óskuðu fulltrúar SFV eftir fresti í eina viku án skýringa og bíður sá samningur enn. Unnið er í öðrum samningum og fundir hafa verið boðaðir í samstarfsnefndum HSU og LSH.
- Farið var yfir álitadrög frá Gísli Tryggvasyni lögmanni sem vinnur lögfræðialit fyrir þau BSRB félög sem hafa mótmælt breytingum á lífeyrisréttindum opinberra starfsmanna. Í álitinu eru færð rök fyrir því að lífeyrisréttindi séu hugsanlega stjórnarskrárvarinn eign. Áfram er unnið með álitinu.

2. 50 ára afmæli SLFÍ

Fram kom að allur undirbúningur fyrir afmæli félagsins sé í góðum farvegi. Afmælisnefndin skilar reglulega fundargerðum, þ.s. haldið er utan um allar ákvarðanir og stöðu mála.

3. Tæknimál á skrifstofu SLFÍ

KÁG fór yfir að ákveðin tæknileg atriði á skrifstofu félagsins þurfi að uppfærast. Útbúa þarf tengingu á milli „tölvukerfa“ þannig að upplýsingar sem fara eiga inn á mínar síður til upplýsinga fyrir sjúkraliða vinni saman. Ýmislegt annað er í skoðun og uppfærslu.

4. Dómsmál

GÖG fór yfir að í vikunni hafi frávísunarkrafa Eirar/SFV verið flutt fyrir Félagsdómi vegna stefnu SLFÍ gegn áðurnefndum félögum, vegna launasetningar sjúkraliða í heimahjúkrun á Eir. Gísli Guðni Hall, lögmaður félagsins var til varnar og taldi málið vel dómtækt. Dómsniðurstöðu er að vænt inna tveggja vikna.

Önnur mál

Engin önnur mál

Fundi slitið kl. 17.00